



REGLUGERÐ

Um dómaranefnd og dómgæslu á mótum

Dómaranefnd

1. gr.

Dómaranefnd skal skipuð fimm aðilum sem skipta með sér verkum. Stjórn ÍHÍ skipar nefndina. Einnig starfar skipaður yfirdómari með nefndinni sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt.

2. gr.

Dómaranefnd ÍHÍ er fagnefnd sem hefur það hlutverk að þýða og samræma reglur og túlkanir á leikreglum með það að markmiði að dómgæsla á mótum ÍHÍ verði sambærileg við það sem best gerist í heiminum.

3. gr.

Dómaranefnd ákveður hverjir hafa heimildir til að gegna stöðu eftirlitsdómara, aðaldómara og línudómara hvaða aldursflokka þeir hafa heimild til að dæma. Slíkar heimildir skal byggja á hæfnismati sem dómaranefndin annast. Hæfniskröfur til dómara skulu miðast við viðmið IIHF.

4. gr.

Dómaranefnd sér um að þýða og uppfæra reglubók IIHF um dómgæslu og gefa hana út.

Yfirdómari

5. gr.

Stjórn ÍHÍ er heimilt að skipa yfirdómara.

6. gr.

Skipi stjórn ÍHÍ ekki sérstakan yfirdómara, skal formaður dómaranefndar vera yfirdómari.

7. gr.

Yfirdómari skal vinna í samstarfi við dómaranefnd og framkvæmdastjóra ÍHÍ.



8. gr.

Helstu verkefni yfirdómara eru:

- a) Fylgjast með og koma á framfæri nýjum leikreglum og túlkunum á þeim.
- b) Leita uppi túlkanir á leikreglum, komi upp ágreiningur milli dómara varðandi reglurnar.
- c) Vinna að gerð kynningarefnis til handa leikmönnum varðandi reglur leiksins.
- d) Hafa forgöngu um að námskeið séu haldin og hæfni dómara sé sífellt metin.
- e) Hafa yfirumsjón með gerð námsefnis fyrir dómara og línudómara.
- f) Leitast við að finna efnilega aðila til að sinna dómarastörfum.
- g) Sjá um samskipti við Alþjóða Íshokkísambandið í samráði við formann dómaranefndar.
- h) Vinna að hæfismati fyrir línu- og aðaldómara.
- i) Að fylgjast með nýjungum í málefnum er varða dómgæslu og koma þeim á framfæri við dómaranefnd og stjórn ÍHÍ.
- j) Stuðla að aukinni virðingu dómara fyrir starfi sínu og aukinni virðingu leikmanna og annarra fyrir starfi dómara.

9. gr.

Yfirdómari skal hafa frjálstan aðgang að öllum mótum sem fara fram á vegum ÍHÍ.

Dómgæsla á mótum ÍHÍ

10. gr.

Sérhvert félag sem teflir fram fleiri en einu keppnisliði, í mótum á vegum ÍHÍ skal tilnefna eftirfarandi fjölda dómara: Fyrir lið í mfl. karla og kvenna samanlagt skal tilnefna 2 aðaldómara og 2 línudómara. Lið sem eingöngu teflir fram einu liði í meistaraflokki skal tilnefna 1 aðaldómara og 1 línudómara. Fyrir yngri aldursflokka skal hvert félag tilnefna 3 dómara.

11. gr.

Framkvæmdastjóri ÍHÍ í umboði stjórnar ÍHÍ ákveður niðurröðun dómara á leiki í U16 til U20 aldursflokki ásamt meistaraflokka karla og kvenna. Ásamt því að skipa eftirlitsdómara. Framkvæmdastjóri skal hafa til hliðsjónar hæfnismat sem ákveðið er af Dómaranefnd.

Framkvæmdaraðili sem heldur helgarmót er ábyrgur fyrir því að útvega og raða niður dómurum á mótið. Leitast skal við að nota þá dómara sem hafa réttindi til dómgæslu.

12. gr.

Stjórn ÍHÍ ákveður greiðslur til dómara. Stjórnin skal þó leita umsagnar dómaranefndar en er ekki bundin af þeirri umsögn.



13. gr.

Verði veruleg vanhöld á kröfum um skráningu dómara samanber 6.10 skal stjórn ÍHÍ heimilt að beita viðkomandi félag viðurlögum. Fyrir hvern dómara sem vantar upp á í skráningu frá aðildarfélagi skal sekta félag fyrir hvern mánuð sem líður á tímabilinu september til mars (báðir mánuðir meðtaldir) samkvæmt verðskrá ÍHÍ.

14. gr.

Tilnefning dómara telst ekki gild nema tilnefndir dómarar standist hæfnismat dómaranefndar í upphafi hvers tímabils. Verði töf á hæfnismati gildir mat frá fyrra ári til 1. október.

15 gr.

Heimilt er að setja nánari vinnureglur og útskýringar um störf dómaranefndar, yfirdómara og framkvæmd móta og skulu þær vera hluti af reglugerð þessari.

Samþykkt á íshokkíþingi 2025